

Aðalfundur MS-félags Íslands árið 2025

Aðalfundur félagsins haldinn 22. maí kl. 17.00.

Fundurinn haldinn í húsi félagsins að Sléttuvegi 5, bæði sem staðfundur og fjarfundur. 25 manns mættu í hús og 3 voru á fjarfundi. Í byrjun fundar voru bomar fram veitingar.

Hjördís Ýr Skúladóttir formaður setti fundinn og bauð fólk velkomid.

Dagskrá:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður lagði til Björgu Ástu Þórðardóttur sem fundarstjóra, samþykkt með lófaklappi. Björg Ásta þakkaði traustið og tók við fundarstjórn. Fundarstjóri kom með tillögu að fundarritara, Berglinni Guðmundsdóttur, samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

b) Skýrsla stjórnar.

Hjördís Ýr formaður las skýrslu stjórnar. Fór hún yfir helstu þætti í starfi félagsins.

- Breytingar á skrifstofu: Berglind Bára Bjarnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri MS-félagsins en Berglind Ólafsdóttir lætur af störfum framkvæmdastjóra nú í lok maí eftir samtals 10 ár í starfi. Helena Unnarsdóttir félagsráðgjafi kom til starfa í sept. 2024. Sálfræðingur í afleysingum frá nóv. 2024 er Elín Broddadóttir.
- Þjónusta: Skrifstofa var opin kl. 10-15 mánud.-fimmtud. Á skrifstofu má nálgast upplýsingar um námskeið og þjónustu félagsins. Þjónustan hefur þróast frá námskeiðum yfir í persónulegri þjónustu.
- Könnun um þjónustu: Niðurstöður birtar í 1.tbl. MS-félagsins 2024. Helstu niðurstöður voru að það vantar úrræði sem grípa nýgreinda og fjölskyldur þeirra. Til að bæta úr því eru í boði mánaðarlegir stuðningshópar fyrir nýgreinda og aðstandendur. Ósk um betra aðgengi að þjónustu fyrir íbúa utan höfuðborgarsvæðis. Bætt úr því með að miðla efni á fjarfundum og bjóða fjarviðtöl hjá ráðgjöfum. Ákall um skipulagt starf fyrir MS-greinda 35+. Komið var á MS kaffi sem leiddi til stofnunar Hvells.
- Útgáfa. MS-blaðið, gefið út á prenti og rafrænu formi, tvö blöð á ári. Blaðið er sent út til félagsmanna sem þess óska, styrktaraðila, fagaðila og stofnana. Einnig heldur félagið úti heimasíðu, facebook síðu og instagram síðu. Stöðug þróun og virkni í á samfélagsmiðlum.
- Úr starfinu: MS-kaffi í húsi félagsins, Reykjavíkumarabon, páskabingó. Fræðsluerindi um svefn og einmanaleika. Stjórnarmenn Lífsvirðingar heimsóttu félagið og eins endurhæfingarlæknar. Styrktarsjóður ungra námsmanna veitti 7 styrki á árinu.
- Landsbyggðarstarf: Virkir spjallhópar eru í Eyjafirði, Suðurnesjum, Selfossi og á starfsárinu bættust við Austurland og Skagafjörður.
- Alþjóðadagur MS maí 2024: Þema dagsins var tengsl og mikilvægi þeirra. Haldin var sumaráttíð með hefðbundnu sniði fyrir alla fjölskylduna á Sléttuveginum, veitingar, hoppukastali, sirkus- og tónlistaratriði.

- Vitundarvakning maí '24: Vitundarvakning á samfélagsmiðlum í samstarfi við TAKK. Fræðslupróf, auglýsingar, lendingarsíður og styrktar síða. Tilgangurinn var að vekja athygli á málefnum fólks með MS og miðla fræðslu ásamt því að safna styrkjum og fá fólk til að styrkja félagið til lengri tíma með mánaðarlegum styrkjum. Nú telur styrktarsamfélagið um 500 manns sem styrkja félagið reglulega.
- Styrkir og fjáröflun. Þar ber helst að nefna styrki frá ÖBÍ, Heilbrigðisráðuneyti, Reykjavíkurborg og Reykjavíkummaráþoni. Fjáröflun félagsins sala á dagatali og kortum, tekjur frá sölu á auglýsingum og styrktarlínum í MS-blaðið o.fl.
- Styrktarsjóður MS-félags Íslands: Grunnur að stofnun styrktarsjóðs er minningargjöf Sólveigar Óskarsdóttur kr. 3.000.000 um eiginmann sinn Hallbjörn Kristinsson sem lést í mars 2023. Skipaður var starfshópur um reglur og í honum sátu: Benedikta G. Kristjánsdóttir, Svavar Sigurður Guðfinnsson, Hjördís Ýrr Skúladóttir og Berglind Ólafsdóttir. Reglur samþykktar á stjórnarfundum 20. maí 2025. Hlutverk sjóðsins er að styðja við einstaklinga með MS og fagaðila, nema, og stofnanir sem vinna íþágu einstaklinga með MS. Stofnfé er 10 milljónir en ýmsir sjóðir félagsins hafa verið sameinaðir í einn. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu félagsins.
- Fulltrúar MS-félagsins í starfi á vegum ÖBÍ: MS-félagið er mjög virkt í starfi ÖBÍ og á fulltrúa í stjórn og ýmsum málefnaþópum o.fl.
- Erlent samstarf. Félagið er mjög virkt í erlendu samstarfi. Áherslan hefur verið á norrænt samstarf en það starf er óformlegra en áður. Fundir EMSP einu sinni á ári.
- Skellur: Félagshópur fyrir unga/nýgreinda, miðað við einstaklinga yngri en 35 ára. Tengiliðurvið stjórn og skrifstofu er Ingveldur Anna Þorsteinsdóttir.
- Hvellur: Félagshópur fólks með MS eldra en 35 ára, stofnaður í mars 2024. Tengiliður við stjórn og skrifstofu er Svavar Sigurður Guðfinnsson.
- Fram undan. Á alþjóðadaginn 28. maí verður hefðbundin sumarhátíð á Sléttuveginum. Golfmót 31. maí. Samstarf við TAKK þar sem farið verður í áframhaldandi vitundarvakningu, fræðslu og söfnun með áherslu á söfnun félaga í styrktarsamfélagið. Reykjavíkummaráþon 23. ágúst. MS-kastið hlaðvarp. Ganga til að vekja athygli á aðgengismálum 3. júní í samvinnu við fimm félög innan ÖBÍ.

c) Endurskoðaðir ársreikningar.

Berglind Sigurðardóttir, gjaldkeri félagsins, fór yfir ársreikningana.

- Rekstrartekjur árið 2024 eru kr. **48.877.419** og rekstrargjöld árið 2024 eru kr. **63.217.746**. Tap af rekstri ársins fyrir afskriftir fasteigna er kr. 9.324.467. Afskrift fasteignar er kr. 3.988.578 og tap ársins eftir afskriftir kr. **13.313.045**.
- Efnahagsreikningur. Eignir félagsins eru kr. 206.311.055. Þar af er húseign félagsins Sléttuvegur 5 kr. 120.299.602. Eigið fé er ávaxtað í ýmsum sjóðum, m.a. varasjóði, viðhaldssjóði og fræðslusjóði.
- Sundurliðanir, rekstrarkostnaður. Helstu útgjaldaliðir eru kostnaður vegna styrkjaöflunar kr.10.258.861, kostnaður við sálfræði- og félagsráðgjöf kr. 8.701.094 og rekstur húsnæðis Sléttuvegi 5 kr. 8.665.545. Annar kostnaður er vegna námskeiða, funda og erlent samstarf.

Reikningar félagsins eru endurskoðaðir af KPMG og skoðunamanni félagsins.

d) Umræða um og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar borin undir atkvæði. Berglind Ólafsdóttir framkvæmdarstóri útskýrði að aukin kostnaður við fjáröflun væri tilkominn vegna þess að tekin var upp ný stefna í fjáröflun, Mikil óánægja var með kvöldsöfnun, margar kvartanir. Gengið var til samstarfs við TAKK þar sem lögð er áhersla á að safna styrktaraðilum til lengri tíma. Dýrt í upphafi en skilar sér til lengri tíma. Skýrsla stjórnar og ársreikningar bornir undir atkvæði og hvort tveggja samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

e) Upphæð árgjalds ákveðin.

Fyrir liggur tillaga stjórnar um að árgjald félagsins fyrir árið 2026 verði óbreytt eða kr. 3.000. Tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

f) Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar hafa borist.

g) Kosning stjórnar, formanns, meðstjórnenda og varamanns.

Núverandi stjórn MS-félags Íslands

Aðalmenn

Hjördís Ýr Skúladóttir, formaður (*lýkur kjörtímabili*)

Alvar Óskarsson (*lýkur kjörtímabili*)

Berglind Sigurðardóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2024)

Ingibjörg Magnúsdóttir (*lýkur kjörtímabili*)

Þorsteinn Ámason Sürmeli (kjörinn til 2ja ára á aðalfundi 2024)

Varamenn

Thelma Björk Ámadóttir (*lýkur kjörtímabili*)

Vigdís Ingólfssdóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2024)

Samkvæmt lögum félagsins stendur til að kjósa um formann, tvö sæti í aðalstjórn og eitt í varastjórn til 2ja ára. Að auki þarf að kjósa um eitt sæti í aðalstjórn til eins árs vegna formannsframboðs sitjandi stjórnarformanns.

Í framboði til formanns er Þorsteinn Ámason Sürmeli.

Ekki bárust fleiri framboð innan framboðsfrests skv. lögum félagsins, sem er vika fyrir aðalfund og er Þorsteinn því sjálfkjörin. Þorsteinn kynnti sig. Hann er framhaldsskólakennari sem stundar nám við HÍ. Hann hefur áhuga á að miðla til nýgreindra. Þakklátur og spenntur fyrir framhaldinu.

Hjördís Ýr tók þar næst til máls og þakkaði fyrir annasöm og viðburðarrík fjögur ár í formannssætinu og óskaði nýju fólki velfarnaðar.

Ekki bárust framboð til stjórnar innan framboðsfrests og er lagt fyrir fundinn að heimila framboð hér á fundinum. Fundarstjóri lagði tillöguna fyrir fund og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Borist hafa tvö framboð eftir að framboðsfrestur rann út. Ingibjörg Magnúsdóttir býður sig fram til 2ja ára og Guðrún Björg Guðmundsdóttir býður sig fram til eins árs. Lesin upp kynning frá Guðrúnu

Björgu. Kallað eftir framboðum út sal og Steinunn Gunnarsdóttir býður sig fram til eins árs og Sigurveig Hjaltsted Þórhallsdóttir til 2ja ára í aðalstjórn. Ingibjörg og Sigurveig sjálfkjörmar í aðalstjórn til 2ja ára þar sem ekki bárust fleiri framboð til aðalstjórnar til 2ja ára. Tvö framboð til stjórnarmanns til eins árs. Kosið skriflega á milli Steinunnar og Guðrúnar Bjargar og hlaut Steinunn meirihluta og er réttkjörin stjórnarmaður til eins árs.

Til varastjórnar barst framboð frá Sigurveigu Hjaltsted Þórhallsdóttur og Dagbjörtu Önnu Gunnarsdóttur. Sigurveig dró framboð til varastjórnar til baka þegar hún bauð sig fram í aðalstjórn. Dagbjört Anna telst því réttkjörin í varastjórn

Fundarstjóri tilkynnir að stjórn MS-félags Íslands kjörin á aðalfundi 22. maí 2025 sé svohljóðandi:

Þorsteinn Árnason Sürmeli, formaður
Berglind Sigurðardóttir
Ingibjörg Magnúsdóttir
Steinunn Gunnarsdóttir
Sigurveig Hjaltsted Þórhallsdóttir

Varamenn:

Vigdís Ingólfssdóttir
Dagbjört Anna Gunnarsdóttir

h) Kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn leggur til að:

Kristrún H. Ingólfssdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG og
Ingveldur Jónsdóttir séu skoðunamenn reikninga.

Tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

i) Kosning fulltrúa MS-félags Íslands á aðalfund ÖBÍ

Til kjörs eru:

Aðalmenn:

Þorsteinn Árnason Sürmeli
Ingibjörg Magnúsdóttir
María Pétursdóttir
Ingibjörg Snorra

Varamenn:

Berglind Bára Bjarnadóttir
Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir
Sigurveig Hjaltsted Þórhallsdóttir
Vigdís Ingólfssdóttir

Engin fleiri framboð bárust og lagt til að þau verði fulltrúar og varafulltrúar á komandi aðalfundi ÖBÍ. Kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

j) Kosning nefnda

Ritnefnd:

Erla María Markúsdóttir er ritstjóri og í ritnefnd situr formaður félagsins hverju sinni.

Að auki bárust framboð frá:

Berglindi Guðmundsdóttur
Bergþóru Bergsdóttur
Dagbjörtu Önnu Gunnarsdóttur
Eygló Idu Gunnarsdóttur
Sigurbjörgu Ámannsdóttur

Kjömar með öllum greiddum atkvæðum.

Viðburðanefnd:

Viðburðanefnd er óformleg nefnd, ekki í lögum félagsins, og árið 2024 var nefndin skipuð svo

Vigdís Ingólfssdóttir
Guðfinna Konráðsdóttir
Lilja Aðalbjörg Þórðardóttir
Brynja Sif Bjarnadóttir
Berglind Björgúlfssdóttir

Ekki bárust formleg framboð í nefndina í ár, en áhugasamir fundargestir geta boðið sig fram. Lagt til að þær skipi nefndina næstu ár.

Vigdís Ingólfssdóttir tók til máls og lagði til að nefndin yrði lögð niður. Nefndarmenn hafa aldrei fundað. Skellur og Hvellur sjá um viðburði innan síns hóps. Hjördís Ýrr fráfarandi formaður sagði að nefndin væri sannarlega mikilvæg því þetta væri fólkið sem við leitum til þegar eitthvað stendur til og það vantar aðstoð. Lagði til að nefndin yrði ekki lögð niður. Fundarstjóri Björg Ásta sagði þetta dýrmætan hóp og fundurinn samþykkti að nefndin starfaði áfram. Ólína sem er í viðburðanefnd tók til máls og hvatti fólk til að halda áfram í nefndinni. Sagði þetta mikilvægan hóp sem kæmi til starfa þegar þyrfti. Skellur undir 35 ára og Hvellur +35 ára eru hópar sem hafa þróast í að vera óformlegir hópar og skrifstofa og stjórn félagsins halda einungis utan um upplýsingar um tengiliði hópsins. Viðburðanefnd aðstoðar við viðburði sem skrifstofa og stjórn standa fyrir.

k) Önnur mál

Engin önnur mál bárust. Berglind Ólafsdóttir fráfarandi framkvæmdastjóri tók til máls og þakkaði þann tíma sem hún hefur starfað hjá félaginu. Ómetanlegur tími, gott og styðjandi samfélag en mikil vinna. Hjördís Ýrr þakkaði Berglindi Ólafsdóttur fyrir samstarfið og bauð Berglindi Báru velkomna til starfa. Björg Ásta hrósaði góðu samstarfi í félaginu, þakkaði Hjördísi Ýrr fyrir hennar starf og bauð Þorstein velkominn. Hún þakkaði Berglindi Ólafsdóttur fyrir að koma inn á erfiðum tíma. Allt hið góða starf sem félagið stendur fyrir gerist ekki af sjálfu sér. Óskar Berglindi Báru velfarnaðar í starfi.

Þorsteinn nýr formaður sleit fundi kl. 18.45. Hann þakkaði félaginu fyrir allt sem það hefur gert fyrir hann, sjúkdómurinn kennt honum margt og saman tókumst við á við MS.